

Ekkert smá!

Rúnar Helgi Vignisson
dósent í ritlist við Háskóla Íslands

Það er líklega gömul saga og ný að okkur hætti til að fyllast lotningu gagnvart hinu stóra en hæðast að hinu smáa. Við stærum okkur annars vegar og smánum hins vegar, báðar sagnirnar leiddar af lýsingarorðunum stór og smár. Við fyllumst stórmenskubrjálæði en dettum stundum niður í smásálarhátt. Við eigum stórvirki en þeir smávirku skrifa frekar smásögur. Eða hvað, einn afkastamesti og virtasti rithöfundur landsins skrifar einkum smásögur, örsögur og smáprósa.

Smásagan hefur löngum verið neikvæði liðurinn í þessu tvenndarkerfi. Hún er litla systir skáldsögunnar og þarf að fylkja liði til þess að ná máli, en nær því samt ekki alltaf. Frægt er tilsvær eins mesta smásagnahöfundar sögunnar, Katherine Mansfield, þegar hún var spurð hvað hún skrifaði, hvort það væru leikrit, skáldsögur eða ástarsögur. Þegar hún hafði svarað öllum liðunum neitandi sagði hún: Nei, einungis smásögur, bara smásögur. Nýlega gerðist það samt að rithöfundur fékk í fyrsta skipti Nóbelsverðlaun fyrir að skrifa bara smásögur.

Spyrja má í framhaldi af þessum smættunar-hugleiðingum: Eru langir textar í eðli sínu betri en stuttir? Hefur lengd bókmenntalegt eða fagurfræðilegt vægi í sjálfri sér?

Því er til að svara að bæði höfundurinn og lesandinn bregðast við lengd eða meintum skorti á henni. Lesandi sem vill gjarnan dvelja lengi í ákveðnum söguheimi er líklegur til að velja sér þykka skáldsögu til lestrar. En sé hún langdregin kann hann þó að gefast upp á henni. Smásagan leyfir hins vegar ekki slíka langdvöl í söguheimi, heldur gefur lesanda kost á að kynna sér nýjan og nýjan söguheim á tíu til tuttugu blaðsíðna fresti. Nema kannski þegar um svokallaðan sagnasveig er að ræða þar sem hnappast saman sögur sem fjalla allar um sama þemað eða gerast allar á sama söguviðinu.

Stutt saga hefur m.a. þau áhrif að bæði lesendur og höfundar finna fyrir kröfu um að þar sé enginn óþarfi, engir útúrdúrar sem ekki tengjast meginviðfangsefni sögunnar. Allt á þar að hafa einhvern tilgang. Það er hin hefðbundna vænting. Af

þeim sökum erum við líklegri til þess að staldra við einstök atriði smásögu og ljá þeim þannig aukamerkingu, jafnvel táknræna merkingu. Það getur aftur leitt til þess að báðir skaparar sögunnar, höfundurinn og lesandinn, festist í táknheimi sem þeir komast ekki út úr. Hvað með þessa melónu, er einhver undirtónn þar? Og hvað með þetta perutré sem tunglskinið baðar silfrudu ljósi? svo vísað sé í tvær frægar smásögur, „Konuna með hundinn“ eftir Anton Tsjechov og „Sælu“ eftir áðurnefnda Katherine Mansfield.

En smæðin getur líka auðveldað lesandanum að túlka söguna. Rannsóknir sýna að lesandi er líklegri til að lesa smásögu hlutfallslega hægar en lengri sögu, m.a. vegna þess að hann þarf að verja tiltölulega meiri tíma í að átta sig á nýjum söguheimi, auk þess sem smásögur eru oftast en ekki þéttari í sér en lengri textar. Lesandinn tekur betur eftir. Fyrir vikið nær hann frekar að halda sögunni í minninu, staldrar frekar við mikilvæg smáatriði og á því hægara með að lóðsa sig eftir táknmiðum hennar. Þetta silfraða tré, tengist það kannski hinsegin ástum? Lesandinn þarf líka oft að vera árvökull vegna þess að smásagan á það til að vega upp smæðina með því að lauma merkingunni að, fela hana milli línanna eða í djúpgerð textans. Sem slík býður smásagan upp á tilraunir. Þar spilar inn í að það er ekki mikið í húfi fyrir höfundinn, kannski bara nokkrar blaðsíður.

Ég ímynda mér að smásagan sé arftaki sagna sem mæltar voru af munnni fram. Þær voru ekki lengri en svo að hæglega mátti festa þær í minni og segja þær á góðri kvöldvöku. Goðsögur, þjóðsögur, ævintýri og dæmisögur hvers konar eru meðal þessara forvera smásögunnar: niðursoðnar sögur sem varðveist höfðu í munnlegri geymd og fjölluðu gjarnan um ofurmannlegar persónur. Um miðja 19. öld verður stökkbreyting á litningum þessara sagna því að þá verða persónurnar að Jóni og Gunnu í næstu götu, eða jafnvel í sömu götu, þær verða hversdagslegar og breyskar eins og þau og sögunni er ekki lengur ætlað að flytja sammannlegan boðskap heldur skal hún lúta fagurfræðilegum lögmálum öðru fremur. Þessi viðhorf héldust í hendur við tilkomu hugmynda um höfundinn sem skáld fremur en sem þjón Guðs og

eftirhermu eins og hugsuðir á 18. öld gerðu gjarnan ráð fyrir. Bæði höfundurinn og persónurnar létu svo lítið að stíga niður til jarðar.

Það hefur hins vegar löngum vafist fyrir fólki að skilgreina smásöguna. Hvar eru mörk smásögu og nóvellu eða skáldsögu? Hvenær verður smásaga svo stutt að hún hljóti að kallast örsaga? Um þetta hafa verið sett viðmið hvað orðafjölda varðar, en einnig hvað innri gerð snertir. Edgar Allan Poe var með fyrstu mönnum til að spreyta sig á þessu skilgreiningardæmi. Í frægri ritgerð frá 1842 segir hann að smásaga megi ekki verða lengri en svo að hana megi lesa í einni lotu, að öðrum kosti flækist daglegt vafstur fyrir lesandanum og spilli heildarupplifun hans af sögunni eða einingu áhrifanna, eins og hann kallaði það. Ein lota var að hámarki tveir tímar að hans mati. Þó að menn hafi gert grín að þessu, bent á að rassinn sé mismunandi undir fólki og svona, heldur þessi lotuskilgreining enn velli í meginatriðum því að smásögur eru yfirleitt innan þessara lengdarmarka. Af þeim sökum ímynda sér margir að smásagan falli vel að nútímanum þar sem fólk virðist eiga í vandræðum með að finna tíma til að lesa lengri verk. Ein smásaga á dag komi skapinu í lag.

Til að standa undir nafni eða öllu heldur skilgreiningu þarf smásagan, og þá ekki síður örsagan, að leggja áherslu á hið einstaka fremur en hið margbreytilega. Hún þarf að spegla heiminn í einu sandkorni, eins og Jorge Luis Borges sagði. Lífseigar eru hugmyndir, settar fram um þarsíðustu aldamót, þess efnis að smásagan eigi helst að snúast um eitthvað eitt, eina aðalpersónu, einn atburð, einhlít áhrif, eina hugljómun, jafnvel eina senu. „Ég hrífst af smásögunni,“ sagði finnska skáldkonan Tove Jansson, „þar á allt að hverfast um eina hugmynd, þar á ekki að vera neinn óþarfí, maður á að geta lukið söguna sem þar er sögð í lófa sér.“ Þess vegna byrjar smásaga oft í miðjum klíðum, ef svo má segja, hún fer alveg upp að atvikinu sem til umræðu er og reynir gjarnan að fela aðdragandann og jafnvel eftirmálin á milli línanna. Hún bregður upp augnabliksmyndum úr lífi fólks sem iðulega stendur á krossgötum, þar sem viðbrögð þess við vandamáli skipta sköpum. Að því leyti er hún eins konar dæmisaga eða „case study“, kryfur hið einstaka og þarf að vinna á dýptina fremur en lengdina. En hún á það líka til að fara aðra leið, svo sem að rekja

sig eftir ákveðnum þræði sem getur spannað langan tíma eða miðla í gegnum syrpu af hughrifum í stað þess að nota hefðbundinn söguþráð. Oftast þróast eitthvað í smásögu en í örsögu fer minna fyrir því. Og því styttri sem textinn er, þeim mun líklegri er hann til að nýta sér miðlunarleiðir ljóðsins, verða á þann hátt listrænni.

Stuttar sögur eru félagslyndar í eðli sínu. Smásaga, hvað þá örsaga, birtist afar sjaldan ein og sér heldur blandar hún oftast en ekki geði við alls konar efni í blöðum og tímaritum. Sökum þess að sjaldgæfara er orðið í seinni tíð að blöð og tímarit birti smásögur hefur smásagan reitt sig æ meira á safnrit þar sem hún er þá í slagtogi við aðrar smásögur. Slík söfn eru af ýmsu tagi en mér sýnist æ algengara að höfundar og kannski ekki síður útgefendur vilji sjá einhvers konar þráð í slíkum söfnum, sem myndi þá fyrrnefndan sagnasveig. Sögurnar glata ekki sjálfstæði sínu í slíkum sveig en þegar þær koma saman verður til heild sem er stærri en summan af sögunum í safninu. Margir lesendur kunna að meta slíkt og þá ekki síst vegna þeirra ahaugnablika sem sveigurinn býður upp á, þegar lesandi áttar sig á tengingunum á milli sagnanna. Sagnasveigar hafa þekkt erlendis frá því að James Joyce gaf út bókina *Í Dyflinni* 1914 og Sherwood Anderson *Winesburg, Ohio* 1919, en hafa ekki verið algengir í íslenskum bókmenntum.

Vinsældir smærri forma virðast hafa verið að aukast undanfarin ár. Ösögur, smáprósar og dvergsögur hvers konar hafa náð æ meiri vinsældum, í og með vegna tilkomu alnetsins. Fjöldi manns mætir nú á ráðstefnur um slík skrif í útlöndum. Örleikrit og örsjónvarpsþættir njóta æ meiri hylli. Bókmenntatímarit eru farin að efna til samkeppni um bestu tístin; þau eru líka orðin að bókmenntaformi. Heiminum er að vissu marki stjórnað, ef stjórnun skyldi kalla, af tístum, sem geta ekki orðið nema 280 stafabil, og þannig veltir hið stutta þungu hlassi víða um heim svo að nýjar sögur verða til, hvort sem okkur líkar betur eða verr.